

## Skýrsla stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni lögð fram á aðalfundi 25. febrúar 2026

### I. Inngangur

#### Inngangsorð

Húsnæði FEB er vel nýtt frá morgni til kvölds nær allar vikur ársins en að meðaltali sækja vikulega yfir 600 manns hin ýmsu námskeið og klúbba sem FEB býður upp á frá hausti og fram á vor. Öll námskeiðin eru það vinsæl að á flest þeirra komast færri að en vilja. Ekkert námskeið hefur þó haft eins mikið aðdráttarafli síðustu ár eins og byrjendanámskeið í gervigreind sem FEB byrjaði að bjóða upp á haustið 2025. Þegar þetta er skrifað hafa u.þ.b. 1.000 manns komið í Stangarhyllinn til að fræðast um gervigreindina og er fjöldi fólks enn á biðlista. Ásgarður, salur FEB er vinsæll til leigu til þriðja aðila og líður varla sá frídagur að hann sé ekki í útleigu enda er það markmið FEB að nýta húsnæði félagsins sem allra best. Það voru rétt tæplega 600 manns sem tóku þátt í ferðum á vegum FEB-ferða á síðasta starfsári, en FEB-ferðir er hjáheiti ferðaskrifstofu FEB og oftast komust færri að en vildu.

Félagsmönnum hélt áfram að fjölga þrátt fyrir að vel hafi verið tekið til í félagakerfinu og þeim eytt út sem ekki höfðu greitt félagsgjöld síðustu 2 ár eða lengur. Félagsmenn eru nú rúmlega 16.000 manns.

Baráttan um bætt kjör eldra fólks tekur aldrei enda. Á síðasta starfsári lagði kjaranefnd FEB ríka áherslu á undirbúning fyrir komandi borgarstjórnarkosningar – þ.e. að stilla upp kröfupunktum til að fara yfir með fulltrúum þeirra flokka sem bjóða fram vorið 2026. Jafnframt vann kjaranefnd FEB þétt með kjaranefnd Landssambands eldri borgara (LEB) að hinum ýmsu kjaramálum en formaður kjaranefndar FEB situr í kjaranefnd LEB.

Húsnæðismálin voru tekin fyrir á stefnumótunarfundi stjórnar FEB haustið 2025 og var þar ákveðið að félagið skuli ekki vera framkvæmdaraðili bygginga í þágu eldra fólks. Frekar skuli FEB vinna með þeim sérfróðu aðilum/félögum og samtökum sem koma að úthlutun lóða og standa að byggingu hagkvæmra íbúða fyrir eldra fólk.

Landssamband eldri borgara (LEB) stóð í október 2025 að málþingi um ofbeldi gagnvart eldra fólki en utan um ráðstefnuna hélt varaformaður LEB sem er jafnframt formaður FEB og var málefnið í framhaldinu tekið fyrir í stjórn FEB. Stjórn FEB hefur verulegar áhyggjur af því að ofbeldistilfellum gagnvart eldra fólki fari fjölgandi og skorar á ríkisstjórn að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr og helst uppræta þetta ofbeldi. Vakin er athygli á að lítil hluti ofbeldis er tilkynntur til lögreglu eða annarra yfirvalda. Skýringar liggja í því að oftast eru gerendur nánir ættingjar, heilbrigðisstarfsfólk, vinir eða trúnaðarvinir.

#### Stjórn félagsins

Í upphafi síðasta starfsárs höfðu rétt á áframhaldandi stjórnarsetu formaðurinn Sigurður Ágúst Sigurðsson og aðalmennirnir Guðrún Ósk Jakobsdóttir og Kristinn Eiríksson. Einn aðalmaður sem sitja átti til ársins 2026 óskaði eftir að hætta um mitt ár 2024. Aðrir í stjórn voru kosnir: Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Bergmann og Gunnlaugur Auðunn Júlíusson sem aðalmenn til tveggja ára, Kristján Guðmundsson sem aðalmaður til eins árs og Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Bjarni Bjarnason og Fanney Sigurbjörg Jóhannsdóttir sem varamenn til eins árs.

Stjórnin skipti með sér verkum; Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður, Guðrún Ósk Jakobsdóttir varaformaður, Kristján Guðmundsson gjaldkeri, Gunnlaugur A. Júlíusson ritari, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Bergmann og Kristinn Eiríksson meðstjórnendur. Varamenn: Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Bjarni Bjarnason og Fanney Sigurbjörg Jóhannsdóttir.

Stjórn fer skv. lögum félagsins, með æðsta vald í málefnum þess milli aðalfunda og ber ábyrgð á fjármálum og öllum rekstri. Haldnir voru 11 stjórnarfundir á starfsárinu.

Formaður FEB, Sigurður Ágúst Sigurðsson hefur boðið sig fram til endurkjörs í formannssætið. Þau Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Bergmann og Gunnlaugur Auðunn Júlíusson munu sitja áfram í stjórn næsta starfsár og þau

Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Kristján Guðmundsson, Sigrún E. Unnsteinsdóttir og Fanney Sigurbjörg Jóhannsdóttir hafa boðið sig fram til endurkjörs í stjórn.

Stjórnarmönnum öllum er þakkað fyrir vel unnin og óeigingjörn störf í þágu Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.

### **Fjármál FEB**

Rekstur félagsins skilaði góðri afkomu árið 2025 og er ástæður þessar helstar: Aukin starfsemi og framboð af námskeiðum og ferðum án þess að fjölga starfsmönnum, húsnæðislán greitt upp og því lækkuðu fjármagnsgjöld verulega, hækkun árgjalds félagsmanna og fjöldi félagsmanna jókst auk þess sem fjármunatekjur voru tiltölulegar háar. Eftir að húsnæðislán FEB var greitt upp er félagið nánast skuldlaust.

### **Húsnæði félagsins**

Á húsi félagsins Stangarhyl 4 hvíldi bankalán frá árinu 2005. Um verðtryggt lán var að ræða sem nam upphaflega 35 milljónum króna og var til 30 ára en lánið stóð í rúmum 16,8 milljónum króna um áramótin 2024/2025. Í febrúar 2025 ákvað stjórn FEB að greiða lánið upp að fullu þar sem verðtryggðir vextir lánsins voru mun hærri en þeir innlánsvextir sem bankareikningar félagsins báru og félagið átti nægilegt handbært fé.

Á síðasta starfsári var keyptur stór upplýsingaskjár í sal félagsins fyrir tæpa milljón en annað viðhald var í smærri kantinum. Fyrir liggur að endurnýja þarf fleiri tæki og borð í salnum.

### **II. Félagsstarf, ferðir og skrifstofa**

Eins og fram kom í inngangi ársskýrslunnar var félagsstarf FEB í blóma á síðasta starfsári og það sama má segja um starfsemi ferðaskrifstofu FEB, FEB-ferðir. Húsnæði FEB var og er þéttsetið alla daga og oft fram á kvöld. Aldrei hafa eins margir sótt námskeið hjá FEB eins og á síðasta starfsári og stendur þá gervigreindarnámskeiðið upp úr hvað fjölda varðar. Önnur námskeið og klúbbar standa einnig vel fyrir sínu og fjölgaði þátttakendum alls staðar. Eftir því sem þátttakendum á viðburði FEB fjölgar verður félagið sýnilegra og félagsmönnum fjölgar í framhaldinu. Síðast en ekki síst er vert að nefna alla hina félagsmenn FEB sem koma við á skrifstofu félagsins til að sækja hina ýmsu þjónustu og fundi.

FEB-ferðir buðu upp á margar áhugaverðir ferðir á starfsárinu og helsta nýjungin var að félagsmönnum bauðst að fara í bæði styttri og lengri gönguferðir innanlands.

### **Bókmenntahópur**

Í bókmenntahópnum er boðið upp á yfirferð á ýmsum sögum. Á vorönn 2025 var það Dagný Kristjánsdóttir, prófessor emeritus við HÍ sem leiðbeindi hópnum en haustið 2025 tók við hópnum Ragnhildur Richter íslenskukennari við Menntaskólann við Hamrahlíð til 35 ára. Farið var yfir margar áhugaverðar bækur og breitt efni. M.a. var tekin fyrir bókina DJ Bambi eftir Auðu Övu Ólafsdóttur en rithöfundurinn var síðan fenginn í heimsókn á aðventustund FEB í desember.

### **Dansleikir**

Vikulega á sunnudagskvöldum eru haldnir dansleikir í húsakynnum FEB í Stangarhylnum. Það eru þau Sigurður V. Dagbjartsson og Sigríð Sepp sem halda utan um dansleikina og er það alltaf ákveðinn hópur sem mætir hress og kátur og tekur fram dansskóna.

### **Fræðslufundir um netöryggi**

Á síðasta starfsári voru haldnir tveir fræðslufundir um netöryggi á vegum FEB. Félagið fékk til sín Brynju Maríu Ólafsdóttur, sérfræðing hjá Regluvörslu Landsbankans til að fara yfir þessi mál með félagsmönnum.

### **Gervigreindarnámskeið**

S.I. haust var ákveðið að bjóða upp á byrjendanámskeið í gervigreind, þar sem farið var yfir grunninn í ChatGPT. Skemmst er frá því að segja að áhuginn á þessu námskeiði á sér engin fordæmi. Enn er mikil eftirspurn og mun félagið mæta henni með fleiri námskeiðum vorið 2026. Kennari er Stefán Atli Rúnarsson.

### **Göngu-Hrólfar**

Yfir vetrartímann fer vaskur hópur félagsmanna í gönguferðir frá Stangarhlynum á miðvikudagsmorgnum kl. 10:00. Gengið er í um klukkustund og síðan er ómissandi að setjast niður og spjalla yfir kaffi og rúnstykki. Þessi hópur lætur ekkert stoppa gönguferðir sínar og hvetur aðra félagsmenn til að taka þátt.

### **Kór FEB**

Hjá FEB er starfandi öflugur kór en kórfélögum hefur farið fjölgandi síðustu misserin. Kóræfingar eru einu sinni í viku yfir vetrarmánuðina og á síðasta starfsári tók kórinn þátt í nokkrum tónleikum. Gleðin ræður ávallt ríkjum þegar kórfélagarnir koma saman. Kórstjóri er Kristín Jóhannesdóttir og formaður kórsins er Gísli Jónatansson.

### **Leikfimi**

Leikfimitímarnir sem bera heitið „Sterk og liðug“ er alltaf að verða vinsælli og vinsælli og er svo komið að færri komast að en vilja. Í þessum tímum er áherslan lögð á þá félagsmenn sem eiga erfitt með að stunda hefðbundna líkamsrækt og eru æfingarnar sérsniðnar að þörfum þátttakanda og fara margar þeirra fram sitjandi á stól. Kennari er Tanya Svavarsdóttir.

### **Lestur fornaldarsagna**

Áfram var aðsókn félagsmanna í fornaldarsagnanámskeiðin framur öllum vonum því yfir 160 manns sóttu námskeiðin í viku hverri. Á starfsárinu var farið yfir Landnámu, Kormáks sögu og nú á vormánuðum 2026 er verið að taka fyrir Snorra Eddu. Kennari er Baldur Hafstað, fyrrverandi prófessor í íslensku við Kennaraháskóla Íslands. Að venju líkur vetrarstarfinu með söguferðum að vori og nú er stefnt á tvær ferðir á slóðir Kormáks sögu og Hallfreðar sögu vandræðaskálds í maí, en þessar ferðir eru ávallt fullbókaðar.

### **Lífeyrismál, starfslok og TR**

Félagið fékk Björn Berg, fjármálaráðgjafa til að fara yfir helstu þætti lífeyriskerfisins með skýrum og einföldum hætti. Var þessi kynning til að svara mikilli eftirspurn fyrra starfsárs þar sem enn hafð ekki náð að koma öllum að sem vildu. Stefnt er á að hafa þessa fundi árlega eða meðan þörf þykir.

### **Myndlistarnámskeið**

Árið 2023 hóf FEB að bjóða upp á mjög skemmtileg byrjendanámskeið í myndlist og á síðasta starfsári var einnig boðið upp á framhald í myndlist. FEB fékk Bjarna Daníelsson myndlistarkennara með sér í lið til að sjá um þessi námskeið, en hann var m.a. áður skólustjóri Myndlistar- og handíðaskólans. Skemmst er frá því að segja að þessi námskeið voru gríðarlega vinsæl og komust færri að en vildu. Myndlistarnámskeiðin eru í smá biðstöðu nú á vorönn 2026, en við vonum að úr rætist næstu mánuði.

### **Skákdeild**

Það er alltaf jafn vinsælt að mæta á þriðjudögum og tefla með Skákfélaginu Æsi en teflt er alla þriðjudaga frá 1. sept. til 1. júní ár hvert. Haldin voru mörg skákmót á tímabilinu og oftast en ekki var það aldursforsetinn sem bar sigur úr þítum. Formaður skákdeildarinnar er Garðar Guðmundsson.

### **Spænska**

Spænskunámskeiðin halda vinsældum sínum og þau fyllast ætíð á mettíma. Þau eru kennd í þremur getuflokkum og annar FEB ekki eftirspurn, en það er hinn eini og sanni Kristinn R. Ólafsson sem kennir.

## Zumba

Tvisvar í viku nær allt árið um kring er dansað Zumba Gold í sal félagsins og hafa þessir tímar aldrei verið vinsælli. Kennslan er sérstaklega aðlöguð að fólki yfir miðjan aldur en það er hin geysi vinsæla Tanya Svavarsdóttir sem sér um dans og æfingar.

## Ferðir

Boðið var upp á fjórtán langar og stuttar innanlandsferðir á vegum FEB-ferða frá maí til september 2025 og farnar voru þrjár ferðir erlendis.

Dagana 11. til 15. maí buðu FEB-ferðir í samvinnu við Betri ferðir upp á fjögurra náttu vorferð til Prag þar sem Lilja Hilmarsdóttir hjá Betri ferðum var fararstjóri.

Dagana 14. og 21. maí voru tvær samskonar dagsferðir farnar á slóðir Njálu í framhaldi af fornsagnanámskeiðs FEB um veturinn. Fararstjórar voru Baldur Hafstað og Einar Jónsson.

3. júní var hin árlega dagsferð til Vestmannaeyja farin undir fararstjórn Kára Jónassonar.

20. til 21. júní var ferðinni heitið á Snæfellsnesið og þaðan siglt út í Flatey og gengið um þorpið. Um tveggja daga ferð var að ræða með gistingu á Stykkishólmi og var Kári Jónasson fararstjóri.

25. júní var farið í gönguferð um Sogin og næsta nágrenni með leiðsögn Jónatans Garðarssonar. Gönguferðin tók nokkrar klukkustundir.

Dagana 29. júní til 1. júlí lá leið FEB-ferða á norðanverða Vestfirði þar sem gist var tvær nætur á Ísafirði. Var m.a. siglt út í Vigur þar sem fuglalífið var skoðað og einnig voru aðrir áhugaverðir vestfirskir staðir heimsóttir. Fararstjóri var Eiríkur Hreinn Helgason.

Þann 9. júlí var farin dagsferð um Fjallabaksleið nyrðri inn í Landmannalaugar og var Kári Jónasson fararstjóri. Er þetta ein af vinsælustu dagsferðum FEB-ferða

16. júlí lá leið félagsmanna á Njáluslóðir þar sem Guðni Ágústsson naut sín vel í fararstjórn, en um var að ræða dagsferð.

Dagana 15. til 16. ágúst var ferðinni heitið í hálendisferð í Kerlingarfjöll og Hveradali. Gist var í Kerlingarfjöllum eina nótt og farnar gönguferðir um Hveravelli og Hveradali þar sem við blasti mikil litadýrð og bullandi hverir. Fararstjóri var Jónas Valdimarsson.

Dagana 21. til 24. ágúst var boðið upp á hina vinsælu fjögurra daga ferð um Kjöl í Fjörður, Flateyjarðal og Tröllaskaga með gistingu á hótél Kjarnalundi rétt hjá Akureyri, en þessi ferð selst ávallt fljótt upp. Fararstjóri var Gísli Jónatansson.

20. ágúst var farin ný dagsferð á vegum FEB-ferða en um var að ræða göngu frá Ölkelduhálsi yfir í Grafning um hina svokölluðu Kattartjarnaleið. Veðrið lék við okkur og sólin skein blítt og því var mikil ánægja með ferðina. Fararstjóri var Einar Skúlason.

Dagana 28. til 29. ágúst var enn á ný efnt til ferðar á slóðir Agnesar og Friðriks í Húnaþingi með gistingu á Laugarbakka eina nótt. Fararstjóri var Kári Jónasson.

Vegna mikillar eftirspurnar var aftur boðið upp á ferð á Njáluslóðir þann 3. sept. með Guðna Ágústsson sem fararstjóra.

Síðasta innanlandsferðin sumarið 2025 var farin 18. september en um var að ræða gönguferð hluta úr degi í Fornasel og Gjásel undir leiðsögn Jónatans Garðarssonar, var þetta skemmtileg haustlitaferð.

Ferðaári FEB-ferða lauk síðan með tveimur fjögurra náttu aðventuferðum til Berlínar annars vegar dagana 24. til 28. nóv. þar sem innifalin var dagsferð til Potsdam og hins vegar til Heidelberg dagana 1. til 5. desember þar sem innifalin

var dagsferð til Rothenburg ob der Tauber. Þessar ferðir voru algjört jólaævintýri en þær voru farnar í samvinnu með Betri ferðum og var Lilja Hilmarsdóttir fararstjóri í báðum þessum ferðum.

Stjórn og starfsmenn FEB þakka öllum leiðbeinendum, kennurum og fararstjórum fyrir frábæra vinnu og óeigingjarnt starf, en öll þessi vinna er unnin gegn hóflegu og stundum litlu sem engu gjaldi.

### **Skrifstofan og þjónusta FEB við félagsmenn**

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 10 til 16, nema á föstudögum þá er opið frá kl. 10 til 15. Síminn er opin allan virka daga frá kl. 10 til 14. Dýrleif Guðjónsdóttir er framkvæmdastjóri félagsins, en aðrir starfsmenn eru Elín Inga Arnþórsdóttir og Guðlaug Tómasdóttir. Umsjón með Ásgarði, sal félagsins, á helgidögum hefur Steinunn Björk Eggertsdóttir.

Starfsfólk skrifstofunnar sér um utanumhald félagsmanna, skipuleggur félagsstarfið og annast allan daglegan rekstur sem og utanumhald um allar ferðir sem í boði eru bæði innanlands og utan. Það heldur utan um öll námskeið félagsins, viðburði, kynningar, fyrirlestra og fundi og sér um útgáfu á blaði FEB Félagstíðindum og reksturs á sal. Sér um allar bókanir, tilkynningar og auglýsingar vegna félagsstarfsins og er til svara varðandi hin ýmsu hagsmunamál félagsmanna. Á skrifstofuna kemur og/eða hringir fjöldi félagsmanna í viku hverri til að leita upplýsinga um hin ýmsu mál. Skrifstofan afgreiðir einnig öll þau margvíslegu erindi og skilaboð sem félaginu berast með rafrænum hætti.

### **III. Starf nefnda og ráða**

#### **Ferðanefnd**

Ferðanefnd félagsins er mjög virk og vinnur þétt með starfsfólki FEB við skipulag allra FEB-ferða bæði innan- sem og utanlands. Ferðanefndin öll eða hluti af henni fundar mjög reglulega yfir vetrarmánuðina, að meðaltali mánaðarlega, enda að mörgu að taka í skipulagi allra þessara ferða. Stefna FEB-ferða er sú að bjóða innanlandsferðir á sumrin en helst einhverjar ferðir erlendis yfir vetrartímann. Formaður ferðanefndar er Kári Jónasson.

#### **Húsnæðisnefnd**

Eitt af hlutverkum FEB er að vinna að úrbótum í húsnæðismálum eldra fólks. Formaður húsnæðisnefndar FEB er Ástrún Björk Ágústsdóttir.

Í stefnumótunarvinnu stjórnar FEB haustið 2025 var ákveðið að félagið skuli ekki vera framkvæmdaraðili bygginga í þágu eldra fólks. Frekar skuli FEB vinna með þeim sérfróðu aðilum/félögum og samtökum sem koma að úthlutun lóða og standa að byggingu hagkvæmra íbúða fyrir eldra fólk. Í stefnumótuninni kom jafnframt fram að nefndin skuli vinna að því að skoða gögn til að sjá hver er raunveruleg þörf eldri borgara varðandi húsnæðismál.

#### **Kjaranefnd**

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með þeim atriðum sem varðar hagsmuni og kjör eldra fólks og móta stefnu félagsins í þessum efnum. Nefndin leggur fram tillögur fyrir stjórn félagsins um hvaðeina sem varðar þessi mál. Enn fremur annast nefndin samskipti við LEB og stjórnvöld um þau málefni sem falla undir starfssvið nefndarinnar eftir því sem við á. Formaður kjaranefndar FEB er Gunnlaugur Auðunn Júlíusson.

Formaður kjaranefndar FEB situr einnig í kjaranefnd LEB en gott samstarf er milli nefndanna. Kjaranefnd FEB var nokkuð virk á síðasta starfsári enda sveitarstjórnarkosningar framundan. Nefndin vann t.d. að öflun gagna sem varðar ýmis atriði um hagsmuni eldra fólks sem nýtt hafa verið til að setja upp lista um forgangsmál nefndarinnar í aðdraganda komandi kosninga. Þar má til dæmis nefna upplýsingar um samanburð á reglum um afsláttarkjör eldri borgara á greiðslu fasteignaskatta eftir sveitarfélögum. Fyrirhugað er að halda fundi með þeim framboðum sem koma fram innan borgarinnar í aðdraganda komandi sveitarstjórnarkosninga þar sem fyrrgreindum áherslum verður komið á framfæri við framboðin.

### Laganefnd

Helstu kraftar lagnefndar á síðasta starfsári fóru í að afgreiða ályktanir og umsagnir um lagafrumvörp og erindi sem félaginu bárust frá nefndar- og greiningasviði Alþingis.

### Ritnefnd

Ritnefnd ber ábyrgð á efni og útgáfu Félagstíðinda FEB sem gefin eru út einu sinni á ári. Ritstjóri Félagstíðinda á 40 ára afmælisári FEB en það var stofnað 15. mars 1986, er Atli Rúnar Halldórsson. Ritnefndin og þá sérstaklega ritstjórinn hefur verið mjög virkur undanfarnar vikur og hefur nefndin fundað reglulega í aðdraganda útgáfunnar, en Félagstíðindi FEB 2026 koma út núna í mars. Markmiðið er að geta sent Félagstíðindi, Afsláttarbók og félagsskírteini út í einum pakka, seinni partinn í mars, en þannig er hægt að halda póstburðargjöldum í lágmarki. Þema blaðsins nú er 40 ára afmæli FEB en jafnframt er reynt að hafa efni blaðsins hið fjölbreyttasta.

### Velferðarnefnd

Hlutverk hennar er að fylgjast með öllu sem varðar velferð eldra fólks og gera tillögur til stjórnar um hvaðeina sem varðar þessi mál. Formaður Velferðarnefndar FEB er Sigurður Ágúst Sigurðsson.

Á stefnumótunarfundi stjórnar FEB haustið 2025 kom fram að stjórnin vildi leggja áherslu á eftirfarandi atriði varðandi velferðarmálin:

- Að fjölga þurfi hjúkrunarrýmum/heimilum í Reykjavík
- Bæta þurfi þjónustu til þeirra sem búi heima
- Það vanti millistig í búsetu eldra fólks, milli þess að búa heima og þess að búa á hjúkrunarheimilum
- Auka þurfi tæknilæsi eldra fólks og huga að þeim sem ekki geta nýtt sér rafræn samskipti.

Í framhaldinu óskaði velferðarnefndin eftir fundi með fulltrúum Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu til að fá kynningu á fyrrnefndum málefnum og mættu þeir Sigurjón Norberg Kjærsted formaður samtakanna og Karl Sigurðsson greinandi samtakanna á fund nefndarinnar í okt. 2025. Um mjög gagnlegan fund var að ræða þar sem m.a. var farið yfir það með hvað hætti FEB getur komið að þessum málum til að auka líkurnar á því að bæta stöðuna.

### Öldungaráð Reykjavíkurborgar

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 m.s.br. er kveðið á um skipan öldungaráðs sveitarfélaga. Öldungaráðið skal vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri og vera formlegur samráðsvettvangur um þjónustu við aldraða og þróun öldrunarmála innan sveitarfélagsins. Í lögnum kemur fram að þar eigi að sitja að lágmarki þrjú fulltrúar kosnir af sveitarstjórn, þrjú fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara og einn fulltrúi frá heilsugæslunni.

Árið 2024 bar svo við að borgin tók þá einhliða ákvörðun að fækka fulltrúum FEB úr þremur í einn í öldungaráði borgarinnar, en bjóða fulltrúum annarra félaga eldra fólks hin tvö sætin. Stjórn FEB og fulltrúar FEB í öldungaráði mótmæltu fækkun fulltrúa FEB harðlega en án árangurs. Stjórn FEB fékk þá lögfræðing félagsins til að senda ítarlega kvörtun til Innviðaráðuneytisins sem vildi ekkert aðhafast í málinu. Þá greip stjórn FEB til þess ráðs að kvarta til Umboðsmanns Alþingis vegna afgreiðslu innviðaráðuneytisins. Umboðsmaður Alþingis hefur tekið málið fyrir og hefur nú kafið ráðuneytið um frekari / nánari rökstuðning hafandi farið yfir gögn málsins og fyrri svör ráðuneytisins. Innviðaráðuneytið hefur nú óskað eftir framlengingu á fresti til að svara en sá frestur rennur út þann 20. febrúar 2026.

FEB leggur ríka áherslu á setu fulltrúa sinna í ráðinu og telur mikilvægt að rödd félagsins hafi vægi þar inni, enda eru um 80% af borgarbúum á aldrinum 70 – 80 ára í FEB!


#### IV. Lokaorð

Síðasta starfsár skilaði félaginu góðum hagnaði og hefur félagslífið sjaldan eða aldrei verið í eins miklum blóma. Fjölgun félagsmanna er stöðug og nú þarf að fjölga starfsmönnum til að geta sinnt stækkandi hóp félagsmanna svo vel sé og ætti afkoman að geta borið það.


Velferðar-, hagsmuna- og kjaramál eldra fólks eru óendanleg og enn hefur ekki tekist að hækka laun þeirra sem lakast hafa kjörin svo ásættanlegt sé, þrátt fyrir mikinn þrýsting frá félögum eldri borgara og Landssambandi þeirra. Staðan á fjölda hjúkrunarrýma fyrir eldra fólk er algjörlega óásættanleg og nýjustu tölur um ofbeldi gegn eldra fólk kalla á raunverulegar lausnir til að draga úr tilfellunum og það strax. Það er því af nægu að taka í baráttumálum félagsmanna og mun félagið halda ótrautt áfram að sinna þeim.

Við þökkum félagsmönnum ánægjulegar stundir á starfsárinu og óskum ykkur gleði og velfarnaðar í framtíðinni.

F.h. stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni



Sigurður Ágúst Sigurðsson  
formaður



Dýrleif Guðjónsdóttir  
framkvæmdastjóri

